

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 4. desember 2020
UST202011-101/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Rangársléttu- Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Rangársléttu í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir 11 lóðum undir frístundahús og stærð lóða verður um 1,5-5,5 ha, þar sem heimilt er að reisa íbúðarhús, bílskúr/skemmu, gestahús og geymslu. Auk þess kemur fram að leyfilegt byggingarmagn innan hvernar lóðar er 400 m². Tillagan gerir einnig ráð fyrir vegtengingum, aðkomum og hringtorgi.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að Þjórsárhraun þekur stærstan hluta landsins og vill Umhverfisstofnun því vekja athygli á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð tillögunnar, að hraunið falli undir ákvæði laganna.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver áhrif tillögunnar er á hraunið og við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin þar sem m.a. er tekið tillit til jarðmyndana.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum

byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Trjáplöntun

Í greinargerð kemur fram að forðast ber að planta ágengum tegundum sem hættu er á að breiðast út og við val trjáplanta skal sérstaklega horft til innlendra tegunda s.s birki, víði og ilmreyni.

Þar sem að svæðið nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögun vill Umhverfisstofnun benda á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála tillögunnar og framkvæmdaleyfisins.

Náttúrulegur birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar vex náttúrulegur birkiskógur á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir á skipulagssvæðinu raski ekki náttúrulegum birkiskógi eins og kostur er og við hönnun vega og byggingareita sé tekið tillit til þeirra.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Girðingar

Í greinargerð kemur fram að, ef allir lóðarhafar telja ástæðu til, er heimilt að gera eina sameiginlega heildargirðingu um landsvæðið og ákveðnum stöðum skal þá setja göngprílur.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna og tekur stofnunin því undir að settar séu gönguprílur þar sem við á. Í 26. gr.

náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjóltreida- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur